

ALLT

FIMMTUDAGUR 7. október 2021

KYNNINGARBLAÐ



Flytjendur, frá vinstri: Þorleifur Gaukur, Tómas, Leifur og Magnús. MYND/ADSEND

Óskalög hlustenda leikin á hádegistónleikum

starri@frettabladid.is

Óskalög hlustenda verða flutt á hádegistónleikum í Borgar-bókasafninu Grófinni í dag, í Gerðubergi í Breiðholti á morgun föstudag og loks í Spönginni í Grafarvogi á laugardag.

Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Jazz í hádeginu, og nú eru það fastagestir tónleikaradarinnar sem fá að velja lögin en á síðustu tónleikum gafst þeim kostur á að skrifa niður óskalög. Fjöldi fjölbreyttra og skemmtilegra óskalaga barst skipuleggjendum tónleikanna en bróðurpartinn af þeim má flokka sem íslensk og erlend dægurlög. Tónleikarnir í dag og á morgun hefjast klukkan 12.15 og standa yfir til 13. Tónleikarnir á laugardag hefjast klukkan 13.15 og standa yfir til 14.

Djass í hádeginu

Flytjendur eru Þorleifur Gaukur Davíðsson sem spilar á munnhórpu, Tómas Jónsson spilar á píanó, Magnús Trygvason Eliassen á slagverk og Leifur Gunnarsson spilar á kontrabassa.

Tónleikaröðin Jazz í hádeginu hefur getið sér gott orð undanfarin sjö ár og var meðal annars tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrr á þessu ári.

Aðgangur er ókeypis.

Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Borgarbókasafnsins. ■



1-2 hylki á dag
til að róa blöðruna



Þórdís Helgadóttir er hæfileikarík skáldkona með sterka rödd og rómantískan fatastil. Kjöllinn er úr Maiu og jakkann fann hún á fatamarkaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gæti aldrei verið stílhrein

Þórdís Helgadóttir er með tvær bækur í jólabókaflóði þessa árs, annars vegar ljóðabókina Tanntöku, sem hún gefur út á vegum Forlagsins, og skáldsöguna Olíu, sem hún skrifar í samstarfi við fimm aðra höfunda sem skrifa undir nafninu Svikaskáld. **2**



Jóhanna María
Einarsdóttir
johannamaria
@frettabladid.is

„Ég var sein af stað á skáldaveginnum og þorði ekki að vera listamaður fyrr en ég var komin yfir þritugt. Mig hafði lengi langað til að skrifa og ákvað að standa með draumnum og skráði mig í ritlistarnám. Eftir það byrjaði boltinn að rúlla. Fyrsta bókin mín, smásagnasafnið Keisaramörgæsir, kom út 2018. Núna kemur mín önnur eigin bók, Tanntaka, út og er það ljóðabók,“ segir Þórdís Helgadóttir. Þórdís er ein Svíkaskálda, en hópinn skipa sex skáldkonur. „Við höfum gefið út þrjár ljóðabækur og kom fyrsta skáldsagan okkar, Olía, út í gær hjá Forlaginu.“

Grensan á milli

Allajafna vinnur Þórdís á mörkum hins raunverulega og óraunverulega. „Árið 2019 var ég ráðin sem leikskáld Borgarleikhússins. Ég samdi verk sem átti að sýna í fyrra, en vegna faraldursins á það enn eftir að birtast á fjölunum. Verkið er eins konar absúrd, hryllingsdrama um kynslóðir, áföll, mæður, dætur og allt þar á milli. Þetta hefur verið ákveðið þema hjá mér upp á síðkastið. Ég er algerlega gagntekin af mannlegri hegðun sem stýrist af óheilbrigðum viðbrögðum við alls kyns tilfinningum, sárum og áföllum. Ég hef gaman af þessu skrítna, að taka eitthvað skrítið, skrúfa upp í því og leika mér með það. Mér finnst gaman að vera á grensunninni á milli veruleika, raunsæis og fantasíu og sýna hvernig það sem við teljum eðlilega hegðun getur verið svo absúrd og klikkað. Ég sé það hjá sjálfri mér og fólkinu í kringum mig. Við verðum fyrir áföllum og fólk virðist vera með alls konar undarlega mekanisma til þess að forðast að vinna úr hlutunum og tilfinningum. Viðbrögð fólks geta verið svo skrítin og mér finnst gaman að skoða húmorinn í því hvað við erum öll skrítin og asnaleg.“

Hryllingur og fegurð

Ljóðabókin Tanntaka segir Þórdís að sé pæling um þroska, um það að fullorðnast og vera í stöðugri umbreytingu og að fara á milli hlutverka. Þá skoðar hún móðurhlutverkið í áhugaverðu ljósi. „Þetta fjallar ekki bara um að vera mamma, en hlutverkið sjálft er svo djúsi. Það er eitthvað svo líkamlegt og existensialískt og fullt af líkamshryllingi. Hlutverkið er ríkt af alls konar myndhverfingum eins og að skipta um ham, sem getur bæði verið fallett en líka frekar ógeðslegt. Verkið er þínu hrátt og mér finnst mjög uggandi að vera ljóðskáld. Það er eitthvað mjög persónulegt við að gefa út ljóðabók og öðruvísi en að gefa út sögur. Ég er mun spéhræddari við að vera ljóðskáld en smásagnahöfundur, því í ljóðunum er ekki hægt að fela sig á bak við sögurnar.“

Samunnið skáldverk

Olía er sérstakt verk í íslenskri bókmenntasögu enda unnið af sex höfundum. „Svíkaskáld hafa starfað frá 2017. Við höfum gefið út bækur saman, haldið námskeið og alls konar. Þetta er frábær félagsskapur og það er ótrúlega skemmtilegt og gefandi að glíma við það að skapa saman. Bókmenntir hafa lengi haft orð á sér að vera einmanalegt listform ef við berum þær saman við önnur listform eins og dans eða leiklist. En þær þurfa ekki að vera það. Það er í raun ekkert sem segir að bókmenntir þurfi að vera einmanalegar. Ekkert nema hefðin kannski.“ Olía er fyrsta skáldsaga Svíkaskálda og vonandi ekki sú síðasta.



Kjöllinn fann Þórdís í verslun í Haarlem í Hollandi og jakkinn er um tíu ára gamall ullarjakki úr Zöru.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



„Fyrst bjuggum við til persónurnar og svo skrifuðum við verkið. Persónurnar eru ólíkar týpur á ólíkum aldri. Þær eiga það þó allar sameiginlegt að vera „erfiðar konur“ í togstreitu við samfélagið og hlutverkin sem þeim eru ætluð. En það er samt engin önnur leið fyrir þessar konur að vera, en að vera erfiðar, í þeim aðstæðum sem þær lenda í og í þessu karllæga samfélagi. Hver okkar skapaði eina persónu. Svo fléttast líf þeirra saman í bókinni. Við unnum verkið út frá baráttu kvennanna við sjálfar sig, hverja aðra eða jörðina.“

Ný verkfæri

Þórdís hefur komið víða við í bókmenntaheiminum og vinnur í ýmsa miðla. „Mér þykir gaman að fara á milli og prófa nýja miðla. Það er ólíkt að skrifa ljóð eða skáldsögu heldur en að vinna í leikhúsinu eða annað. Auðvitað er það krefjandi að læra sífellt á ný og ný verkfæri. Þegar þú lærir á nýtt form vantar svo stóran hluta af gömlu verkfærunum, en það má ýmislegt nota á milli miðla. Svo lærir maður alltaf eitthvað nýtt og getur haft með sér á milli forma.“

Þennan rómántíska blómakjól keypti Þórdís í Gallerí 17 fyrir útgáfuhóf Tanntöku. „Ég ákvað að fara alla leið í rómantikina áður en ég yrði endanlega miðaldra. Svo skellti ég lifandi orkídeu í hárið.“

Höfundarstíll og fataeinkenni Þórdís hefur gaman af því að klæða sig upp og segist vera með veikan blett í hjartanu fyrir öllu sem er rómantískt. „Mér finnst mjög gaman að klæða mig upp á og elska að hafa tilefni til þess að fara í bleika pelsinn eða fína kjólinn. Á sama tíma er ég samt oftast hrædd við að vera „overdressed“ eða of fin. Ég er alger sökker fyrir öllu sem er rómantískt, pífum, blúndum, og finnst æðislegt að vera með lifandi blóm í hárinu. En það er ekki alltaf praktískt og rómantíkin þarf eitthvert mótvægi. Það þarf líka að vera eitthvað töff finnst mér.

Ég var svo hissa þegar vinir mínir sögðu eitt sinn við mig að ég væri með svo flottan og skýran fatastíl, því ég hef alltaf öfundað fólk sem er með augljósan stíl. Svona týpur sem eru kannski alltaf í svörtum rúllukraga og ógeðslega töff. Ég ímynda mér að þetta fólk hljóti að vera með allt á hreinu og hef oft fantaserað um að nú ætli ég að verða þessi týpa. Ég klippi á mér hárið og fer í svartan rúllukraga, en svo koma bara dagar þar sem maður getur bara alls ekki verið í svörtum rúllukragaból. Ég á rosalega erfitt með að skuldbinda mig við einn stíl. Mér finnst þetta fólk sjúklega kúl en ég gæti bara aldrei verið svona stílhrein.

En það er kannski eins með fatastíl og höfundareinkenni? Kannski er erfitt að fatta það sjálfur að maður sé að gera eitthvað ákveðið fyrr en einhver bendir manni á það. Ég er auðvitað bara ómeðvitað að elta uppi það sem heillar mig og mér finnst fallett og það kemur auðvitað fram hjá mér í fatastílnum jafnt sem og í skrifunum.“

Tískuvagnar

„Ég viðurkenni að ég er frekar illa að mér í tiskunni. Mér finnst gaman að skoða Vogue en ég hef ekki efni á að kaupa fötin þar. Hér heima dýrka ég Yeomanfatamerkið. En það er kannski orðið eins og Múminbollinn fyrir ákveðinn samfélagshóp. Svo er ég mjög skotin í fatahönnuðinum Andreu í Hafnarfirði. Hún er með geggjaða kjóla og það er dálitil rómantik í henni.

Ég er þó alger sökker fyrir öllu nýju. Ég fylgist ekki jafn vel með og þegar ég var yngri. Kannski þarf maður að vera ákveðið ungur til að vera með allt á hreinu í tiskunni. Núna er ég tveggja barna móðir og farin að róast. Ég er samt frekar íslensk í nýjungagirninni og hoppa stundum á einhverja tiskuvagna. Núna er ég til dæmis rosalega veik fyrir pastellitum og er oft í pastelalklæðnaði. Áður klæddi ég mig þó aldrei í pastel. Tiskuvagnarnir passa mér misvel, og ég man alveg eftir vafasömum ákvörðunum eins og ofplokkuðum augabrúnum og sliku. Ég held að eftir því sem maður eldist þá læri maður betur á sig.“

Sumar flíkur búa yfir galdri

Þórdís segir að hún hafi nýlega tekið Marie Kondo-aðferðina á fataskápinn. „Ég er ekkert rosalega klár í að kaupa mér föt. Ég á alltaf nokkrar flíkur sem eru uppáhalds. Svo á ég slatta sem ég hélt að virkuðu í búðinni en nota aldrei. Núna er ég dugleg að pakka flíkunum niður sem ég nota aldrei og vera bara með geggjuðu fötin uppi. Ég á mér stundum uppáhaldsflíkur sem ég geng í þar til þær detta í sundur. Núna syrgi ég samfesting sem ég keypti í Dublin fyrir þremur árum en er nú að detta í sundur. Sumar flíkur eru með einhvern galdur, þær passa svo fullkomlega á mann og gera eitthvað fyrir mann, að það verður erfitt að láta þær frá sér.“ ■



ROFA
FASHION GROUP

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Silkislæður skreyttar íslenskri náttúru



Að eiga sér draum og koma honum í framkvæmd er afrek út af fyrir sig og öðrum hvatning til eftirbreytni. Gauja Hálfðánardóttir er ein þeirra sem létu drauminn rætast þegar hún stofnaði fyrirtækið MEMO Iceland sem hannar og selur silkislæður.

„Ég stofnaði MEMO Iceland árið 2014 með vinkonu minni. Það hafði lengi blundað í mér draumur um að eiga og reka mitt eigið fyrirtæki og sá draumur rættist þegar hugmyndin með silkislæðurnar kviknaði,“ segir Gauja en hún er með BS í ferðamálafræði og master í mannauðsstjórnun og ákvað síðan að bæta við sig stjórnendamarkþjálfun árið 2018.

„Hingað til hef ég starfað við nánast allt sem snýr að mannauðsmálum og sinni fyrirtækinu í frítíma. Reynslan mín á vinnumarkaðnum nýtist vel í fyrirtækjarekstrinum því mannleg samskipti skipa þar stóran sess. Ég starfa í dag sem mannauðsráðgjafi á velferðarsviði hjá Reykjavíkurborg og kem þar að mjög fjölbreyttum verkefnum. Mér finnst gaman að vinna með fólk og aðstoða stjórnendur í sínu starfi. Því fer það mjög vel saman að vera bæði með mannauðsstjórnun og markþjálfun.“

Aðspurð segist Gauja alltaf hafa haft áhuga á hönnun og tisku og hugmyndina að hönnun ávallt blundað í henni.

Er einhver saga bak við hönnun þína á slæðunum og ástríðu fyrir því sem þú ert að gera?

„Já, eftir að löngunin kviknaði til að stofna fyrirtæki voru stöðugt að poppa upp hugmyndir í kollinum á mér. Það var svo árið 2013 þegar ég sá mynd af fallegum vasaklút á Pinterest með mynd af fjöllum og náttúru. Það sem greip strax augað var mynstrið og litirnir í náttúrunni á klútnum og ég sá um leið fyrir mér fallega silkislæðu með mynd af íslenskri náttúru.

Við vinkonurnar vorum snöggar að taka ákvörðun um að kýla á þessa hugmynd og láta verða af þessu. Ég sá um hönnun, sölu og markaðsmál en hún um pantanir, bókhald og reikninga, sem voru mjög góð skipti. Þegar kom að því að finna myndir á slæðurnar, þá horfði ég annars vegar á þekkta og fallega ferðamannastaði en ekki síður mynstrin og litina.

Ég leitaði ekki langt yfir skammt og fann tvær ljósmyndir í fjöl-skyldualbúminu, annars vegar af Veidivötnum sem pabbi hafði tekið



Gauja Hálfðánardóttir segir að það hafi verið frábær tilfinning, eftir langt og strangt ferli, að fá fyrstu sýnishornin í hendurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Þessi fallega slæða sýnir vel norðurljósin. Litirnir eru stórkostlegir.



Slæðurnar er hægt að nýta á margvíslegan hátt, eins og myndirnar sýna.



Gauja er ánægð með hversu vel íslenskar konur hafa tekið slæðunum.



„Það sem greip strax augað var mynstrið og litirnir í náttúrunni á klútnum og ég sá um leið fyrir mér fallega silkislæðu með mynd af íslenskri náttúru,“ segir Gauja.

og Jökulsárlóni sem frænka mín tók. Ég fékk leyfi frá þeim að nota myndirnar og þá þurfti að finna framleiðanda og fá prufur. Það var frábær tilfinning, eftir langt og strangt ferli, að fá fyrstu sýnishornin í hendurnar.

Slæðurnar koma til okkar í plasti og mér fannst það alls ekki koma til greina að selja þær þannig. Ég lét því hanna svartar öskjur með silfurlógói og endurpakka slæðunum í silkipappír. Með hverri slæðu fylgir jafnframt kort með myndinni og texta um staðinn á ensku og íslensku. Með þessum umbúðum fannst mér varan vera orðin fullkomin og tilbúin í sölu. Umbúðirnar gera silkislæðuna líka miklu fallegri og hentugri sem gjöf.“

Augnablikið fangað í upplifun

Gauja segir að heitið á vörumerki slæðanna, MEMO Iceland, sé tengt við minningar eða „memories“. „Okkur fannst það passa vel við þá hugmynd sem lá að baki hönnuninni enda eru slæðurnar hugsaðar bæði sem minjagripir og fylgihlutir. Hugmyndin mín var að slæðurnar myndu fanga augnablikið sem ferðamaðurinn upplifði á Íslandi.

fékk ég leyfi til að nota hana á eina silkislæðu. Síðan þá hafa bæst við slæður með mynd af Seljalandsfossi og Skeiðarársandi, með gráum, brúnum og dröppuðum tönum og tvær með myndum af norðurljósum sem eru með þessum fjólubláu og grænu litum. Þær eru vinsælastar á meðal erlendra ferðamanna, sem kemur kannski ekki á óvart. Nú ættu allar konur að finna slæðu við sitt hæfi með litum sem fara þeim.“

Hvernig voru viðtöknar á slæðunum?

„Þær voru virkilega góðar. Eins og ég nefndi var hugmyndin upphaflega sú að hanna silkislæður sem íslenska minjagripir fyrir erlenda ferðamenn en fljótlega fann ég að áhugi íslenskra kvenna á slæðunum var mjög mikill og er enn. Þær hafa verið stór kúnnahópur og eru bæði að kaupa fyrir sjálfa sig en einnig mikið í gjafir. Mér þykir afskaplega vænt um það hvað íslenskar konur hafa verið hrifnar af slæðunum og mér hlýnar alltaf um hjartarætur að sjá konu með silkislæðu frá mér.“

Þegar kemur að vali að formum og myndum, er eitthvað sem heillar þig frekar en annað?

„Já, þegar ég sé mynstur í náttúrunni með fallegum litum. Brúnir og bláir tónar saman heilla mig gjarnan og oftast sé ég mynstrið fyrir mér á silkislæðu. Þegar þú ert með slæðuna, þá sérðu ekki endilega að þetta sé ljósmynd heldur frekar bara fallegt mynstur á silki. Ég er ekki mikið fyrir skrapótt mynstur og ég viðurkenni það alveg að ég átti fyrst erfitt með gera slæðu með norðurljósamynd því mér fannst litirnir svo sterkir. En svo komu þær báðar svo vel út að ég sé ekki eftir því.“

Spennandi tímar fram undan

Fyrir tveimur árum ákvað vinkona Gauju að snúa sér að öðrum verkefnum og í dag á Gauja fyrirtækið ein. „Mér finnst virkilega spennandi að velta fyrir mér meiri vörupróun og er með ýmsar spennandi hugmyndir á teikniborðinu. Covid var erfiður tími fyrir þennan rekstur þar sem allir endursöluaðilarnir okkar lokuðu verslunum sínum.

En nú eru bjartari tímar fram undan og um þessar mundir er ég að setja mig í samband við verslanir og koma silkislæðunum aftur í hillurnar. Nú er ferðamannastraumurinn að fara aftur af stað og þá lifna verslanirnar við. Eins langar mig að leggja meiri áherslu á að selja silkislæðurnar í tiskuvörðverslunum á landsbyggðinni. Ég nýtti Covid-tímann vel í að bæta vefverslunina memoiceland.is og þar hefur salan verið að aukast jafnt og þétt.“ ■

MARINE COLLAGEN FYRIR HÚÐ, HÁR OG NEGLUR

Kollagen er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Kollagen er í öllum liðum, liðamótum, vöðvum, sinum og beinum mannslíkamans og:

- Seinkar öldrun húðarinnar
- Dregur úr sýnilegum hrukkum og fínum línum í húðinni
- Eykur rakastig og stinnleika húðarinnar
- Lagfæra háráðaslitasvæði
- Stuðlar að upptöku kalsíums og kalsíumuppbótar.

Vítamín C:

- Stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir starfsemi brjósks, beina og húðar
- Stuðlar að eðlilegri starfsemi tauga- og ónæmiskerfisins
- Stuðlar að því að verja frumur fyrir oxunarálagi og draga úr þreytu
- Stuðlar að endurnýjun afoxaðs forms E-vítamíns og aukinni upptöku járns.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is

Arctic Star Marine Collagen Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618




YEST/VESTA Peysukjöll
Stærðir 38-56
Verð kr. 10.980

YEST/VESTA Basic skyrtukjöll
Stærðir 38-56
Verð kr. 14.980

ZE-ZE kjöll
Stærðir 38-48
Verð kr. 9.990

ZE-ZE kjöll
Fæst líka í bláu
Stærðir 38-48
Verð kr. 8.990

NO SECRET pleðurkápa
Stærðir 42-52
Verð kr. 22.980




NO SECRET peysa
Stærðir 42-52
Verð kr. 10.980

ZHENZI peysubolur
Stærðir 42-56
Verð kr. 7.990

SUNDAY kragabolur
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-52
Verð kr. 8.980

YEST/VESTA peysa
Stærðir 38-56
Verð kr. 10.980

YEST/VESTA peysa
Stærðir 38-56
Verð kr. 9.980



ZE-ZE náttföt
Fæst líka í bláu og beige
Stærðir 38-48
Náttbolur kr. 4.990 Náttbuxur kr. 5.990

ZE-ZE röndóttur náttkjöll
Fæst líka í bláu og beige
Stærðir 3-48
Verð kr. 5.990

ZE-ZE einlitur náttkjöll
Fæst líka í bláu og beige
Stærðir 3-48
Verð kr. 5.990

LASESSOR MOOMIN silkiklútur
Fleiri litir til
Stærð: 53 x 53 cm
Verð kr. 5.990

TAMARIS inniskór
Fást í fleiri litum
Stærðir 37-42
Verð kr. 9.990



Tamaris ökkaskór
Stærðir 37-42
Verð kr. 27.980



Verslunin Belladonna



belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Homer Simpson tók yfir sviðið hjá Balenciaga

Það var heldur betur óvænt uppákoma á tiskuvíkunni í París um síðustu helgi þegar Balenciaga kynnti sumar-tiskuna 2022. Það var engin önnur en Simpsonfjölskyldan sem mætti til leiks.

elin@frettabladid.is

Gestir tiskuvikunnar eru vanari því að fylgjast með frægum fyrirsætum á borð við Hadid-systurnar en teiknimyndapersónum. Balenciaga hafði útbúið móttöku eins og um frumsýningu í Hollywood væri að ræða. Rauður dregill og rauðir veggir blöstu við gestum og módelum sem klæddust sumarfatnaði Balenciaga. Fyrirsæturnar voru myndaðar um leið og þær gengu inn og sýndar á stórum skjá í salnum. Það var því ekki hefðbundin sviðsframkoma.

» Simpsonfjölskylduna þekkja allir enda hefur hún verið á skjánum í 34 ár.

Fyrirtækið hafði látið gera tíu mínútna Simpson-mynd þar sem Balenciaga var í aðalhlutverkinu með fjölskyldunni í Springfield. Í myndinni fær Marge Simpson að upplifa draum sinn um að klæðast Balenciaga. Ekki versnar það þegar íbúum í Springfield er boðið til Parísar til að taka þátt í tiskusýningu fyrirtækisins. Við þekkjum persónurnar úr teiknimyndinni þegar þær koma fram á sviðið hver af annarri í glæsilegum klæðnaði frá Balenciaga. Áhorfendur eru ekki af verri endanum, Kim Kardashian, Kanye West og Justin Bieber. Að auki má sjá Önnu Wintour, ritstjóra tiskutímaritsins Vogue, sem lætur sig yfirleitt ekki vanta á tiskusýningar þekktustu tiskuhönnuða. Hönnuður Balenciaga, Demna Gvasalia, sést einnig í myndinni.

Simpsonfjölskylduna þekkja allir enda hefur hún verið á skjánum í 34 ár. Hönnuðurinn Gvasalia mun hafa verið einlægur aðdáandi allt frá barnsaldri en hann er ættaður frá fyrrum Sovétríkjunum. Þetta mun ekki vera í fyrsta skipti sem Gvasalia fer aðrar og nýjar leiðir til að kynna hönnun sína.

Simpson-myndin er stórskemmtileg og það má horfa á hana á YouTube. ■



Rapparinn Cardi B klæðist hér kápu og hatti frá Balenciaga. Kápan er skreytt með úrklippum blaða. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Fyrirsætan Naomi Campell í dragt frá Balenciaga úr sumaratiskunni.



Fyrirsætur á rauða dreglinum í sumartisku Balenciaga fyrir 2022.



Homer Simpson tekur sig vel út á sviðinu hjá Balenciaga í rauðri úlpu með sólgleraugu.



Ritstjórinn Anna Wintour mætti líka í eigin persónu í kápu frá Balenciaga.



Ritstjóri Vogue, Anne Wintour, er að sjálfsögðu með í „showinu“.

GOLFHERMAR

Sérblað um golfherma kemur út laugardaginn 16. október.

Í blaðinu gefst fyrirtækjum og klúbbum tækifæri til að koma á framfæri því sem þau bjóða upp á fyrir golfáhugamenn í vetur.

Tryggðu þér auglýsingapláss í mest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Ruth Bergsdóttir, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími: 694-4103 / ruth@frettabladid.is



NÝTT FRÁ



GERRY WEBER

TAIFUN



Fylgdu
okkur á
Facebook



TRAUST Í 80 ÁR

Skoðið
laxdal.is

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Laxdal er í leiðinni

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

**KRÓKUR**

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bílauppbod.is er uppbodsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is





Nýr 2021 Mitsubishi Outlander Hybrid Spirit+ Tiglamynstruð leður á sætum. 18" álfelgur. 5 ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Verð 5.990.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Pípulagnir
PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA
Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.
Góð þjónusta á sanngjörnu verði.
Uppl. í síma 8548080/5168080 retta.is olafur@retta.is

Málara
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaveiðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLÓTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Árátuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd
NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun
RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskripti, myndasímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*
*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**Úrbætur vegna mengunartjóns**

Tillaga að fyrirmælum um úrbætur vegna mengunartjóns á Hofsósi

Umhverfisstofnun auglýsir á heimasíðu sinni, tillögu að fyrirmælum um úrbætur vegna mengunartjóns af völdum bensínmengunar úr olútanki N1 á Hofsósi, í samræmi við málsmeðferð 15. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með **20. október 2021**. Ábendingum og athugasemdum má skila inn með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is

DOMUSNOVA
Fasteignasala
Hlíðasmára 4 • 200 Kópavogur • domusnova@domusnova.is • S 527 1717

Einbýli / Sumarhús við Flúðir



Þetta vel við haldna 214fm. einbýlishús við Miðfell rétt við Flúðir er nú til sölu. Glæsilega staðsett með stórbrötnu útsýni yfir nærliggjandi sveitir.

• Heitur pottur í garði • Arinn í stofu • Malbikað að hlaði.

Hagstæð lánakjör í boði.
Eignarhlutur í Miðfellsfjalli með veiðiréttindum í vatni og 50% eignarhlutur í Neðri- og Efsta dal.
Laust fljótlega til afhendingar.

Allar frekari upplýsingar veitir Agnar lgfs. í s. 820-1002 eða agnar@domusnova.is

www.domusnova.is

intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta

BÓLSTRUN – SAUMASKAPUR

Uppgerðir Rokkókóstólar með áklæði að eigin vali á góðu verði

FYRIR


EFTIR


Öll almenn bólstrun - úrval vandaðra áklæða og leður. Tökum allskonar saumaskap .t.d. dýnur í hjólhýsi, húsbíla o.fl.
Sérhæfum okkur í bílsætaviðgerðum, mótörhjólum, snósleðasætum, líum og gerum við tréverk á húsgögnum.

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin | S. 544 5750 | www.hsbolstrun.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
ishúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

FYRIR


EFTIR


Bílsætaviðgerðir-, mótörhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaflæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
• Veggjagrind út 45x95 timbri.
• Pappi og bárustál á þaki.
• Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
• Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplýs: reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Friða, www.reisum.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Friða www.reisum.is

**EYJALIND**

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFTU ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is